

Stjórnarfundur Geðhjálpar 15.09.2016

Mættir: Hrannar, Anna Gunnhildur, Þórður, Bergþór, Halldóra, Sylviane, Védís og Sveinn Rúnar

1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(MHH).

Fundargerð var lesin upp af Bergþóri og samþykkt.

2. Fræðsla fyrir dómara og lögfræðinga um skaðsemi nauðungarvistana og sjálfræðissviptinga (HJ)

Hrannar stakk upp á því að efnt yrði til fræðslu fyrir dómara, lögfræðinga og starfsfólk í geiranum um skaðsemi nauðungarvistana og sjálfræðissviptinga. Samþykkt var að Hrannar myndi kanna hvort Steindór J. Erlingsson, vísindasagnfræðingur, væri tilbúinn til að taka þátt í að útbúa efni og kenna námskeið um efnið með öðrum.

3. Erindi frá Grófinni, geðverndarmiðstöð (HJ).

Grófin óskar eftir að starfsfólki Geðhjálpar sé gert kleift að senda viðburði út í beinni útsendingu í gegnum netið. Samþykkt var að vísa erindinu til framkvæmdastjóra. Því var varpað fram hvort að tímabært væri að halda kynningu og viðra stofnun Geðhjálpardeildar á Akureyri.

4. Ráðning/ar (HJ, AGÓ).

Hrannar kynnti ráðningarferli ráðgjafa þar sem þrír aðilar stóðu upp úr. Ólöf Birna Björnsdóttir varð fyrir valinu. Hún er félagsráðgjafi með diplomu í opinberri stjórnslu og er að ljúka meistaranámi í fjölskylduráðgjöf. Rætt var um að ráða auk þess í hálfstarf til viðbótar til að taka kúfinn af ráðgjafa og framkvæmdastjóra og auka sóknarfæri í leiðinni. Samþykkt að framkvæmdastjóri tæki ákvörðun að vel yfirlögðu ráði.

5. Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg (HJ).

Anna Gunnhildur sagði frá því að skrifað hefði verið undir þriggja ára samning um 4 milljón króna árlegt framlag frá Reykjavíkurborg.

6. Geðhjálparblaðið (HP, SRH, AGÓ).

Halldóra las upp hugmyndir um efni fyrir blaðið og Anna óskaði eftir fleiri hugmyndum innsendum.

Hugmyndir um efni;

Bataskóli, málþing um bataskóla.

Sjálfskaði og sjálfsvíg.

Áherslur stjórnsmálaflokkanna á sviði geðheilbrigðis vegna komandi kosninga.

Jónas í ritvélum framtíðarinnar (forsíðuviðtal).

Umfjöllun um 10.okt.

Réttindagátt, sbr. viðtal við Þórhildi Sunnu.

O.fl.

Fram kom ábending um að komið yrði að baráttu Geðhjálpar fyrir endurskoðun lögræðislaga og afnámi ofbeldis og þvingunar í geðheilbrigðisþjónustu.

7. Útmeð'a myndband og vefur, reifun í framhaldi af dagskrá 9. (HJ).

Hátt í 90 manns sóttu viðburð á vegum samráðshóps um Alþjóðlegan forvarnardag sjálfsvíga hjá Geðhjálp föstudaginn 9. september. Þar var nýtt, gagnvirkt forvarnarmyndband og vefur Útmeð'a opnað. Hvoru tveggja var hrósað af stjórnarmönnum.

Stefnumótunarfundur 24. september (HJ, AGÓ).

Hrannar verður ekki á landinu 24.sept. Ákveðið að seinka fundinum til 1.okt. Vangaveltur voru um fyrirlesara og staðsetningu. Stungið upp á Gunnari Smára, Þorsteini Guðmundssyni og Kríunesi. Framkvæmdastjóra var falið að ganga í málið.

8. Kynning á vegum Fjölmennar þann 26. september (HJ).

Stjórn Geðhjálpar þekkt boðið og vill taka framkvæmdastjóra með. Hrannar, Þórður, Sylviane og Sveinn Rúnar mæta ásamt framkvæmdastjóra.

9. Úthlutunarreglur vegna sérstakra styrkja ÖBÍ (ÞÍ).

Þórður fjallaði um 10 mkr. sérstaka styrki ÖBÍ. Úthlutunarreglur eru ekki aðgengilegar á netinu og ekki er gerð grein fyrir því hversu háum styrk hverjum er úthlutað í hvert sinn. Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að óska eftir því að reglurnar verði settar á netið og gerð grein fyrir styrkuppþæð hvers og eins.

10. Umsókn um fjárstyrk vegna útgáfu handbókar um fjármálalæsi (HJ).

Umsækjandi hefur ekki sótt um styrk annars staðar. Vangaveltur um markaðshóp bókarinnar og markmið styrksins. Samþykkt að veita helminginn af upphæðinni eða 125.000 kr. í styrk til yfirlestrar og höfundavinnu (sem mætti þá nýta í netefni) að sinni.

11. Önnur mál.

Anna Gunnhildur hefur látið gera glærugrunn fyrir Geðhjálp, meðlimir beðnir að nýta sér hann.

Védís getur sökum anna ekki sinnt þátttöku Geðhjálpar í Velferðarvaktinni. Hún getur leitað eftir aðstoð frá Önnu Gunnhildi meðan leitað er eftir öðrum fulltrúa.

Bergþór sagði frá fjáröflunarleik FC Sækó og FC Crazy á Þróttaravellinum á laugardaginn! Gummi Ben. lýsir leiknum.

Fundi slitið kl. 19:05.